



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Varðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skóla- og frístundasvið ráðist í aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldufólk***

Á fundi borgarráðs 31. október 2019 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Lagt er til að skóla- og frístundasvið ráðist í eftirfarandi aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldufólk í Reykjavík: 1. Skipulags- og starfsdagar kennara í leik- og grunnskólum verði betur samræmdir innan borgarhverfa þvert á skólastig. 2. Skólasetning grunnskóla hefjist á mánudegi og fyrsti skóladagur hefjist samdægurs í beinu framhaldi. 3. Skólaslit grunnskóla verði á föstudegi og eigi sér stað að loknum síðasta skóladegi. 4. Börnum í 1. – 4. bekk grunnskóla bjóðist frístund samkvæmt gjaldskrá þá daga sem foreldraviðtöl eiga sér stað.*

Greinargerð fylgdi tillögunni.

### **1. Skipulags- og starfsdagar kennara í leik- og grunnskólum verði betur samræmdir innan borgarhverfa þvert á skólastig.**

Samkvæmt tilmælum skóla- og frístundaráðs er mælt til þess að leik- og grunnskólar í sama skólahverfi samræmi að lágmarki þrjá starfsdaga á hverju skólaári. Þetta kemur m.a. fram í reglum um leikskólalþjónustu frá 2. maí 2019, þar sem segir að leikskólar séu lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Tilmælin koma fram á skóladagatölum grunnskóla borgarinnar. Starfsdagar grunnskóla á starfstíma skóla eru fimm samkvæmt kjarasamningi kennara. Markmiðið með sameiginlegum starfsdögum er bæði að auka samstarf milli starfsstaða innan hverfis og til að koma til móts við þarfir fjölskyldna um samræmda starfsdaga. Mikilvægt er að starfs- og skipulagsdagar leik- og grunnskóla séu nýttir til að skipuleggja og undirbúa faglegt starf í skólunum. Við stofnun skóla- og frístundasviðs var áhersla lögð á að samræmdir starfsdagar væru nýttir til samstarfs og samráðs milli starfsstaða innan hverfis. Undanfarin ár hefur í flestum hverfum borgarinnar einn af þessum þremur samræmdu starfsdögum verið nýttur í sameiginlega starfsþróun skóla- og frístundastarfs í sama hverfi. Má þar nefna starfsdagana Vesturbæjarfléttuna, Breiðholtsbylgjuna og Austurbæjarlaufuna. Stjórnendur í skóla- og frístundastarfi hafa bent á

að þarfir og starfshættir starfsstaðanna séu ólíkir og því mikilvægt að þeir geti sjálfir ákveðið hvernig þeir ráðstafa öðrum starfsdögum sem þeir hafa heimild til að taka.

Samkvæmt reglum um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva skóla- og frístundasviðs frá 2. maí 2019 eru frístundaheimilin/sértækar félagsmiðstöðvar lokuð á skólasetningar- og skólaslitadögum, auk þess sem starfsdagar/skipulagsdagar frístundaheimila/sértækra félagsmiðstöðva eru þrír á almanaksárinu. Þessir dagar eru oft notaðir til að undirbúa sumar- eða vetrarstarf, auk þess sem einn starfsdagur hefur oft verið samræmdur við starfsstaði innan hvers hverfis.

Ekki er fjallað um starfsdaga í lögum um leik- og grunnskóla, heldur er hér vísað í kjarasamninga grunnskólakennara og reglur borgarinnar um þjónustu leikskóla og frístundaheimila/félagsmiðstöðva.

## **2. Skólasetning grunnskóla hefjist á mánudegi og fyrsti skóladagur hefjist samdægurs í beinu framhaldi.**

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands vegna Félags grunnskólakennara skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní ár hvert. Helgast það af rétti kennara til sumarorlofs og tíma til starfsþróunar utan starfstíma skóla. Af þeim sökum er erfitt að koma því við að skólasetning sé á mánudegi ár hvert. Nokkrir grunnskólar í borginni hafa nú þegar haft þann háttinn á að skipuleggja skólastarf í upphafi skólaárs þannig að fyrsti skóladagur hefjist strax í beinu framhaldi af skólasetningu. Grunnskólar borgarinnar njóta nokkurs sjálfstæðis varðandi skipulag skólastarfsins og því hefur ekki verið farið fram á að slíkt fyrirkomulag sé viðhaft í öllum grunnskólum borgarinnar.

## **3. Skólaslit grunnskóla verði á föstudegi og eigi sér stað að loknum síðasta skóladegi.**

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands vegna Félags grunnskólakennara skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní ár hvert. Helgast það af rétti kennara til sumarorlofs og tíma til starfsþróunar utan starfstíma skóla. Af þeim sökum er erfitt að koma því við að skólasetning sé á föstudegi ár hvert. Samkvæmt álitni mennta- og menningarmálaráðuneytis er heimilt að hafa skertan dag í lok hefðbundins skóladags ef það er gert í samráði við hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Grunnskólar borgarinnar hafa stundum nýtt sér þennan möguleika til að hafa skólaslit síðdegis að loknum hefðbundnum skóladegi, m.a. til að gefa foreldrum og fjölskyldum nemenda tækifæri til að taka þátt í skólaslitunum.

## **4. Börnum í 1. – 4. bekk grunnskóla bjóðist frístund samkvæmt gjaldskrá þá daga sem foreldraviðtöl eiga sér stað.**

Öll frístundaheimili borgarinnar bjóða nú þegar upp á þjónustu þá daga sem foreldraviðtöl fara fram í grunnskólum borgarinnar samkvæmt reglum um þjónustu frístundaheimila og samkvæmt gjaldskrá frá kl. 8:00 – 17:00 fyrir nemendur í 1. – 4. bekk sem eru skráðir í frístundaheimili.